

GJALDSKRÁ

velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu aldraðra.

1. gr.

Upphæð gjalds.

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu aldraðra er kr. 1.445 óháð fjölda ferða.

2. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu.

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afpanta skal ferð með sem mestum fyrirvara, að lágmarki með þriggja klst. fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og reglum Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1057/2022.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Einar Þorsteinsson e.u.

B-deild – Útgáfudagur: 30. nóvember 2022